Brjef landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi* **um lántökuleyfi handa Rafnseyrarprestakalli.** Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í brjefi, dags. 28. f. m., og beiðni hlutaðeigandi, vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess, að kand. Böðvar Bjarnason, er veitingu hefir fengið fyrir Rafnseyrarprestakalli, taki 1800 kr. embættislán uppá prestakallið, til þess að byggja á prestssetrinu Rafnseyri tvílofttað íbúðarhús, 12×10 álnir, með flötu þaki, járnvarið að utan, en timburklæðning og pappi undir járni, með steinlímdum grunni og kjallara, og að öðru leyti með því fyrirkomulagi, sem nánara er tekið fram í brjefi yðar. Húsið skal verða eign prestakallsins og koma í stað þessara húsa: baðstofu, ganga, búrs og eldhúss, skála, bæjardyra og frammistofu. Prestinum ber að halda húsinu í eldsvoðaábyrgð að minnsta kosti fyrir 3000 kr. Sömuleiðis ber honum að halda því við og skila því á sínum tíma í gildu standi eða með fullu álagi. Helming láns þessa skal eigi borga lántakanda fyr en það er áreiðanlega sannað með lögmætri skoðunargjörð, að hinum settu skilyrðum sje fullnægt. Að öðru leyti er lántökuleyfið því skilyrði bundið að lánið borgist aptur á 24 árum með 75 kr. á ári, og að vextirnir eigi nemi meiru enn 4½ af hundraði. 12 20. febr.

Þetta skal yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja *til biskupsins yfir Íslandi* **um niðurlagning Hróarsholtskirkju.** — Eptir móttöku brjefs yðar, háæruverðugi herra, dagsetts 19. þ. m., hefi jeg samkvæmt 4. gr. laga 27. febr. 1880 um skipun prestakalla, og að ráði yðar staðfest þá ákvörðun hlutaðeigandi safnaðar, er hjeraðsfundur Árnesprófastsdæmis hefir samþykkt: 1. að Hróarsholtskirkja verði lögð niður, þannig að eigendur Hróarsholts með hjáleigum haldi áfram að greiða prestsmötugjald eins og verið hefir, en kirkjuhúsið með sjóði kirkjunnar, ornamentis hennar og instruments, verði eign Hraungerðiskirkju. 2. Að Hróarsholtssókn verði sameinuð Hraungerðissókn, enda verði Hraungerðiskirkja stækkuð svo sem með þarf sakir viðbótarinnar við Hraungerðissókn, en allar tekjur Hróarsholtskirkju skuli eptir niðurlagning hennar ganga til Hraungerðiskirkju. 13 27. febr.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu* **um sveitfesti þurfalings.** — Með brjefi yðar, dagsettu 18. þ. m., hafið þjer, herra amtaður, sent hingað erindi hreppsnefndarinnar í Leiðvallarhreppi hinum 14 28. febr.

19. dag marzmánaðar 1902.

Reykjavík. — Ísafoldarprentsmiðja.